Umsjón: Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir


Myndlist

Kvaðratrótin af Gesti

Sennilega gildir það um fjölhagann Gest Þorgrímsson eins og ýmsa aðra í sömu deild, til að mynda Magnús Á. Árnason, að sannverðug mynd af ævistarfi hans fæst einungis með því að leggja til grundvallar summuna af öllum þeim listgreinum þar sem hann hefur komið við sögu og draga af henni listræna kvaðratrót. Sem er auðvitað hægara sagt en gert. Þó eru innbyrðis tengsl listgreinanna hjá Gesti sýnilegri en hjá mörgum öðrum fjöllistamönnum. Til dæmis er trauðla hægt að gera úttekt á þróuninni í þrívíddarlist hans án þess að tengja saman steinhöggið og leirmunagerðina, ekki einasta formrænt heldur einnig út frá þeirri rækt sem listamaðurinn leggur við yfirborð listhluta sinna. Myndmótun Gests helst síðan í hendur við ljóðagerð hans og ritaðar hugleiðingar um höggmyndalistina, sína eigin og annarra, hvort tveggja eru leiðir til uppgötvunar og birtingar „nýs galdurs", „nýs veruleika", svo vitnað sé í listamanninn sjálfan. Kannski er heldur ekki ýkja langur vegur milli skemmtikraftsins Gests, sem á sjötta og sjöunda áratugnum heillaði heila kynslóð áhorfenda og -heyranda með frásagnargáfu sinni og eftirhermum, og listamannsins sem þangað til nýlega skapaði gjarnan skúlptúra fyrir opnum tjöldum – „performeraði", svo notað sé nýlegt hugtak – úti í Svíaborg í Finnlandi og úti á sviði við hús sitt í Hafnarfirði. Ef vill mætti halda þessari samanburðarfræði áfram og tengja eftirhermur Gests við hæfileika hans til að koma auga á það sem honum kemur best í móderníska höggmyndalist og gera að sínu, sjá meðvitaðar vísanir hans til HenrysMoore, Barböru Hepworth, Epsteins, Brancusi og jafnvel lengra aftur í prímitífíska list.

Steinsnar

Nú er auðvitað rétta tilefnið til að draga kvaðratrótina af Gesti, því hann er nýorðinn áttræður, Listasafn Reykjavíkur heldur sýningu á verkum hans og börn hans, Ragnheiður og Þorgrímur, hafa gefið út um föður sinn forkunnarfallega og skemmtilega bók sem nefnist Steinsnar. Raunar er öllu meira að græða á bókinni en sýningunni, en á henni er einungis að finna tíu höggmyndir, eina mynd frá 1947 en afganginn frá síðastliðnum 15 árum. Enginn er heldur leirinn til samanburðar. Framlag Listasafns Reykjavíkur verður því að teljast frekar snubbótt hylling þessa aldna og mikilvirka listamanns. En það gefur okkur engu að síður tækifæri til að velta fyrir okkur eðlisþáttum myndhöggvarans Gests. Eins og Auður Ólafsdóttir bendir réttilega á í grein sinni um listamanninn í bókinni er hann fyrst og fremst „myndhöggvari efnisins", sem þýðir að hann telur sér skylt að rækja trúnað við lifandi efnið. „Truth to material" heitir þessi filósófía og var mest í tísku í höggmyndalist fjórða áratugarins. Í sinni ströngustu mynd þýðir hún að myndhöggvarinn gengur eins lítið á fyrirliggjandi efni eins og honum er unnt, aflagar það hvorki né brýtur upp ef hann kemst hjá því.





Verk Gests á sýningunni í Listasafni Reykjavíkur.

Reynsla sjónar og sinnis

Í staðinn kappkostar hann að gera vel við það eins og það er frá náttúrunnar hendi, hnykkja á kvistum í stað þess að fjarlægja þá, fægja slétta fleti sem eru til staðar og ýfa upp grófu fletina. Við þetta má bæta að „slétt" og „gróft" eru hér ekki einungis fyrir augað, heldur kallar þetta tvennt beinlínis á snertingu. Þar sem efnið er með litrófið innbyggt, eins og margur ítalskur marmarinn, er um að gera að láta það njóta sín óspillt. Það er sem sagt „af" efninu sem meðhöndlun formsins eða formsköpun sprettur, fremur en að listamaðurinn sé með ákveðin form í huga og velji sér efni sem hæfa því. Í þrívíddarlist Gests er mannslíkaminn helsta viðmið hans, eða eins og Auður Ólafsdóttir segir : „Í gegnum hvert verka Gests gengur ósýnileg, lóðrétt hryggjarsúla." Það er hér sem reynir á myndlistarlegt innsæi listamannsins, hæfileikann til að skapa hárrétta spennu milli hins lóðrétta og láréttа, milli hins slípaða og grófa, milli efnis og rýmis. Kannski er það í þessari fáguðu og blæbrigðaríku jafnvægiskúnst sem Gestur stendur feti framar en flestir kollegar hans í greininni. Hún er, eins og listamaðurinn orðhagi gefur til kynna í ljóði, sprottin af sérstakri „reynslu sjónar og sinnis."

Sýningin í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi, stendur til 27. ágúst.

Aðalsteinn Ingólfsson


Tónlist

Forfeður í Skálholti

Mikið er um Bach-tónleika um þessar mundir því nú eru 250 ár síðan tónskáldið lést. Á tónlistarhátíðinni í Skálholti í sumar verður Bach því mjög áberandi og síðastliðinn laugardag flutti barokkhópurinn Concordia þar hina svokölluðu Tónafórn hans. Concordia samanstendur af fimm erlendum hljóðfæraleikurum sem allir hafa sérhæft sig í flutningi barokktónlistar og leika því á barokkhljóðfæri. Þetta eru nokkurs konar forfeður nútímahljóðfæra og krefjast engu minni hæfni og þjálfun en seinni tíma hljóðfæri. Það er því sjaldnast sannfærandi er „nútímahljóðfæraleikari" fer allt í einu að spila opinberlega á barokkútgáfuna af hljóðfæri sínu. Skemmst er að minnast er ágætur flautuleikari tók upp á þessu fyrir nokkru og spilaði þá eins og hver annar amatör á hræðilegum tónleikum.

Sagan af Tónafórninni

Um Tónafórn Bachs er til eftirfarandi saga. Kvöld eitt árið 1747, þegar Friðrik mikli Prússakonungur var nýbúinn að taka upp flautuna sína og var farinn að hita sig upp fyrir hina venjubundnu kvöldtónleika sína, kom liðsforingi með lista yfir þá sem höfðu komið til Potsdam þann dag. Kóngurinn leit yfir listann,en brá í brún þegar hann sá hver var þar á meðal. Hann lagði frá sér flautuna og sagði skjálfraddaður við hina hljómsveitarmeðlimina: „Herrar mínir, Bach gamli er kominn!" Hann átti þar við Johann Sebastian Bach en frægð hans var þá mikil og var hann svo störfum hlaðinn að árum saman sá hann sér ekki fært að verða við ósk konungs um að heimsækja hann. Þegar Bach var svo loksins kominn var tafarlaust sent eftir honum og fékk hann ekki einu sinni að dusta af sér ferðarykið né skipta um föt.



Bachfjölskyldan.

Innblásin snilld

Í höllinni var Bach neyddur til að reyna allar slaghörpur Friðriks mikla en þær voru fimmtán talsins. Hinir hljóðfæraleikararnir, sem orðið höfðu að hætta við kvöldtónleikana vegna heimsóknarinnar, fylgdu Bach og konunginum á milli herbergjanna þar sem slaghörpurnar voru og hlýddu í andakt á snillinginn leika upp úr sér. Bach var meistari í að spila af fingrum fram og lék hann undirbúningslaust heila fúgu um stef sem konungurinn gaf honum. Síðar meir, er Bach var aftur kominn heim til Leipzig, samdi hann þrí- og sexraddaðar fúgur um stef konungsins og einnig keðjulög. Saman voru verkin kölluð Tónafórnin og eru þau tileinkuð Friðriki konungi.

Í stuttu máli flutti Concordia Tónafórnina af innblásinni snilld. Samleikurinn var fullkominn og hver einstakur hljóðfæraleikari spilaði óaðfinnanlega. Sérstaklega verður að nefna semballeik Carole Cerasi, sem var sérlega glæsilegur, og einnig fiðluleik Kati Debretzeni, en vald hennar yfir tóninum var aðdáunarvert. Túlkun hópsins í heild var lífleg og blæbrigðarík, fjörleg og gáskafull þegar við átti, en líka alvörugefin og djúphugul. Voru þetta afar ánægjulegir tónleikar.

Jónas Sen

Hvers vegna er samtímalist svona furðuleg?




Richard Vine, ritstjóri hins heimskunna listatímarits, Art in America, heldur fyrirlestur í Listasafni Reykjavíkur – Hafnarhúsi annað kvöld kl. 20.00. Yfirskrift fyrirlestrarins er „Why is contemporary Art so Weird?" eða „Hvers vegna er samtímalist svona furðuleg?"

Eins og yfirskrift fyrirlestrarins gefur til kynna fjallar Richard Vine um hvers vegna hinn almenni sýningargestur lítur samtímalist tortryggnum augum og finnst hún á stundum beinlínis ögrandi. Hann segir staðreynd að framsækin nútímamyndlist höfði einungis til fárra og að ef hinn almenni sýningargestur skoðar slíkar sýningar sé það gert með samblandi af tortryggni, ógnun og hræðslu. Vine spyr í fyrirlestrinum hvað valdi og hvort þetta gæti verið á annan veg? Þá veltir hann fyrir sér sögulegum, félagsfræðilegum, sálfræðilegum og heimspekilegum orsökum þess að hin sköpunarríka samtímalist orki svo vandræðalega á hinn almenna gest.

Fyrirlesturinn er öllum opinn.

Raddir Erlends



Erlendur Jónsson hefur nýverið gefið út ljóðabókina Raddir dagsins hjá bókaútgáfunni Smáragili. Bókin er safn átján ljóða og ljóðaflokka og skiptist í þrjá aðalkafla: Svipir liðinnar aldar, þar sem leitast er við að „gera úttekt á almennum og hversdagslegum lífssannindum eins og þau koma fyrir sjónir við aldahvörf", eins og segir á bókarkápu. Pokabuxur og rúðóttir sokkar heitir annar kaflinn og byggist að mestu leyti á endurminningum höfundar og sá þriðji ber nafnið Skáldatal en hann er ortur í minningu listamanna sem settu svip á öldina.

Í fyrsta kaflanum er ljóðið Ímynd sem birtist hér að hluta:

Maðurinn
sem sá ekki sköpun heimsins
og hlýddi ekki á þögn ísaldarinnar
það er ég.

Maðurinn
sem fylgdi ekki Leifi heppna
og missti af kristnitökunni
það er ég.

Maðurinn
sem hitti ekki höfund Njálu
og fór á mis við Skaftárelda
það er ég.

Kammersveitin til München



Um þessar mundir stendur yfir tónlistarhátíðin Europmusicale í München, sem haldin er í annað sinn. Nú er þessi hátíð haldin öðru sinni og er boðið upp á tónleika í 10 borgum í Bæjaralandi, Búdapest og Prag. Til hátíðarinnar er boðið kammerhópum, kammersveitum og kórum frá 33 Evrópulöndum, sem leika skulu og kynna tónlist síns heimalands.

Kammersveit Reykjavíkur var boðið fyrir Íslands hönd og voru tónleikar hennar á laugardagskvöldið í Carl Orff salnum í Gasteig í München. Á efnisskrá voru m.a. verk eftir Leif Þórarinsson, Atla Heimi Sveinsson og Þorkel Sigurbjörnsson.

17 hljóðfæraleikarar fóru í ferðina og var Rut Ingólfsdóttir (á mynd) einleikari í fiðlukonsert Þorkels Sigurbjörnssonar. Einsöngvarar í Nótt Jóns Leifs voru Bergþór Pálsson og Gunnar Guðbjörnsson, sem kom frá Berlín til að taka þátt í tónleikunum. Stjórnandi var Bernharður Wilkinson.

Einkunnarorð Europamusicale-hátíðarinnar eru „get to know - learn to respect" og vilja forstöðumenn hennar stuðla að umburðarlyndi og virðingu milli þjóða í Evrópu, og jafnframt stuðla að menningarsambandi Evrópu með áherslu á varðveislu menningar hverrar þjóðar fyrir sig.